



Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS24010122

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Svar við framhaldsfyrirspurn um hönnun stólpa í miðborginni

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 29. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar fyrir svarið. Hefur Reykjavíkurborg einhver viðmið á hönnun stólpa í borgarlandinu? Til dæmis varðandi lit, endurskin og hæð á stólpum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar:

Við hönnun gatna og gangstétta er unnið eftir hönnunarleiðbeiningum sem Vegagerðin og Reykjavíkurborg létu búa til árið 2019. Þar er m.a. kveðið á um að öll götugögn séu staðsett á sérstöku götugangasvæði sem er staðsett á milli gangstéttar og götu. (sjá kafla 4.1)

Á síðustu misserum hefur einnig verið unnið hefur verið að gerð götugagnastefnu fyrir miðborg Reykjavíkur. Í henni verður m.a. gerð grein fyrir því hvaða gerð af götustólpum má nota í borgarlandinu. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að stólparnir séu sýnilegir og séu ekki aðgengishamlandi.

Við undirbúning þessa svars var rætt við aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar og var sjónunum sérstaklega beint að lágum stólpum sem þvera gönguleið inn í átt að Reykjastræti frá gatnamótum Hverfisgötu, Kalkofnsvegur og Tryggvagötu. Þar er um að ræða lóð en ekki borgarland og hafa þessir stólpar verið settir upp af lóðarhafa. Haft verður samband við lóðarhafa vegna þessara stólpa.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík